



# GABRIEL DAGUR

„TITO ZSASZ“  
12. FEBRÚAR 2003  
5. MARS 2023



## Vertu sæll ungi maður

Einn ungur maður nú er héðan horfinn,  
hans hjarta geymdi undurfagra þrá  
og ættarstapinn er með sárum sorfinn  
er svipmyndir hins liðna þjóta hjá.

Í dag ég engan fróðleik honum færi  
en finnst þó rétt að reyna stundarkorn,  
svo aðrir ungir menn þá listgrein læri  
sem leika sér við örlaganna norn.

Því langar mig þann sannleika að segja  
sem sorgin dregur fram í huga mér:  
Ég venst því seint er blessuð blómin deyjja  
í baráttu sem lengi töpuð er.

Þú gerir kannski það sem þér er bannað,  
þú þráir kannski lausn frá sorg og neyð.  
En þegar maður getur ekki annað  
er auðveldast að fara ranga leið.

Með sorg í brjósti finn ég titra tárin,  
á tímans vegi er í sporin fennt.  
Ég þrái að með gæsku grói sárin  
svo geti líf þitt öðrum eitthvað kennt.

*Kristján Hreinsson*